

**Ályktun byggðaráðs Langanesbyggðar****Samráðsgátt mál Nr. S-62/2025****Drög að frumvarpi um breytingar á lögum um veiðigjald nr. 145/2018.**

Því hefur verið haldið fram að ofangreind breytingar hafi sáralítil áhrif á byggðir landsins. Það er ekki sá veruleiki sem blasir við íbúum úti á landi. Engar greiningar á áhrifum hækkunar gjaldsins fylgja frumvarpinu og verður það furðu okkar sem búum utan höfuðborgarsvæðis og verðum fyrir mestum áhrifum af þessari breytingu.

Þetta gjald leggst mjög þungt á nær allar byggðir utan höfuðborgarsvæðisins sem byggja á sjávarútvegi af hvaða stærð sem fyrirtækin eru. Sjávarútvegur er burðarásinn í atvinnulífi mjög margra sveitarfélaga á landsbyggðinni. Greining Vífils Karlssonar þar sem tekin er saman uppruni útsvarstekna í nokkrum sjávarbyggðum talar sínu máli og tekur af allan vafa um afleiðingarnar.

Snæfellsbær 49%
Langanesbyggð 44%
Grýtubakkahreppur 40%
Kaldrananeshreppur 40%
Grundarfjörður 39%
Vopnafjörður 37%
Bolungarvík 35%
Dalvíkurbyggð 34%
Sveitarfélög á Höfuðborgarsvæði 1 - 2%

Þessi greining segir allt sem segja þarf um það hversu háð mörg sveitarfélög úti á landi eru sjávarútvegi. Höfuðborgarsvæðið fær aðeins 1-2% útsvarstekna frá greininni. Engar slíkar greiningar er að finna í ofangreindu frumvarpi. Út frá greiningunni má sjá að þessi ákvörðun byggir ekki á neinum rökstuðningi eða skynsemi heldur virðist hún tekin á hreinum pólitískum grunni. Þeim orðum að tekjuaukningin komi til með að skila sér til landsbyggðarinnar í traustari innviðum, m.a. í betri vegum, treystum við íbúar úti á landi einfaldlega ekki. Eftir 17 ára vanrækslu á uppbyggingu innviða og þá sérstaklega hvað varðar vegakerfið segja efndir orða allt um staðreyndir málsins.

Í Langanesbyggð sjáum við fyrir okkur að missa bróðurpartinn af útsvarstekjum okkar verði þetta frumvarp að lögum. Áður en þetta frumvarp var lagt fram hafði ríkisvaldið veitt okkur mjög þung högg í atvinnulífinu. Byggðakvóti Þórshafnar var skertur úr 102 tonnum í 32 sem er brot á reglugerð 818/2024 og engin svör hafa fengist frá ráðuneytinu um ástæður. Ríkið brýtur reglugerðina með einu pennastriki. Sértæki strandveiðikvótinn var skertur um 25% á Bakkafirði í byrjun árs og fór úr 400 tonnum í 300 tonn. Það varð til þess að önnur af tveimur fiskvinnslum lokaði þar sem sá kvóti sem var til úthlutunar nægði ekki báðum fiskvinnslum. Til að bíta höfuðið af skömminni var byggðakvóti Bakkafjarðar skertur um 15 tonn aðeins hálfum mánuði eftir að ríkið sleppti hendinni af aðgerðum sínum á Bakkafirði vegna „Brothættra byggða“. Þar að auki hafi áður verið ákveðið að setja grásleppu í kvóta sem gengur næst því að rota smábátaútgerð frá Bakkafirði. Allt þetta var eins og köld vatnsgusa framan í íbúa Langanesbyggðar og atvinnulífið í sveitarfélaginu.

LANGANESBYGGÐ


Byggðaráð, 37. fundur, 01.04.2025



Byggðaráð Langanesbyggðar skorar á ríkisstjórnina að hugsa út fyrir höfuðborgarsvæðið. Gera ítarlega greiningu sjálft á áhrifum þessarar breytingar og færa rök fyrir þeim önnur en þau pólitísku rök að verið sé að færa til fjármagn frá landsbyggðinni þar sem það verður sett í einhverja óskilgreinda hit og innantóm loforð um að það fari í innviðaskuld.

Að lokum, er hér greining sem Vestmannaeyjabær lét gera árið 2024 á arðsemi eigin fjár nokkurra atvinnugreina á árunum 2019-2023. Þessi greining styður ekki þær fullyrðingar sem haldið hefur verið fram um ofsagróða í sjávarútvegsfyrirtækja.

Það er okkar ósk að ríkið leggi einnig í þá vinnu sem sveitarfélögin hafa gert á greiningu sjávarútvegs og þýðingu atvinnuvegarins fyrir sjávarútveg úti á landi.



F.h. byggðaráðs Langanesbyggðar;



Björn S. Lárusson
Sveitarstjóri

bjorn@langanesbyggd.is